



ÁRSSKÝRSLA



Gunnarsstofnunar

2015



Skriðuklaustur
Menningarsetur & sögustaður

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Almennt um starfsemina	2
Stærri sýningar og viðburðir	3
Síðasta kvöldmáltíðin – í stásstofu – 26. mars -19. apríl	3
Undir Klausturhæð – 20. apríl - 31. október	3
Bókavaka í Þórshöfn í Færeyjum – ljósmyndasýning og kynning á Gunnari	3
Gallerí Klaustur	4
Sýnendur í gallerí Klaustri 2015	4
Aðrir viðburðir	5
Tónleikar	5
Ýmsir viðburðir	6
Þjónustusamningar	7
Samstarfsverkefni	7
Útgáfa og upplýsingagjöf	8
Útgáfa	8
Heimasíða	8
Almenn kynning	8
Heimildasafn Gunnars Gunnarssonar	9
Erlend samskipti og samstarfsverkefni	9
Gestaíbúðin Klaustrið	10
Gestir Klaustursins 2015	10
Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir	11
Höfundarréttarmál	12
Bókadagar í Færeyjum	13
Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.	15
Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns	15
Menningarsjóður Gunnarsstofnunar	16
Hugleiðing forstöðumanns	17

Ágrip

Árið 2015 var sextánda starfsár Gunnarsstofnunar. Aukinn straumur erlendra ferðamanna leggur leið sína í Skriðuklaustur og hafa tekjur af sölu minjagripa og aðgangseyri vaxið hin síðustu ár. Launakostnaður vegna starfsmanna hefur að sama skapi vaxið enda full þörf fyrir fjóra sumarstarfsmenn og einn þeirra hefur byrjað fyrr á vorin og hætt síðar á haustin. Starfsemi á Skriðuklaustri var með hefðbundnu sniði en gestir ívið fleiri en árið 2014 þrátt fyrir kalt og vott sumar sem dró verulega úr komum Íslendinga. Áætlað er að vel yfir 30 þús. manns hafi lagt leið sína í Skriðuklaustur og meira en þriðjungur þeirra hafi greitt aðgang að safninu. Engir stórviðburðir voru á árinu líkt og 2014 enda sparað í rekstri eftir mætti. Smærri viðburðir voru hins vegar fleiri og t.a.m. var meira um tónleika og fyrirlestra en undangengin ár. Þá var hinn 18. maí afhent í fyrsta sinn úr Menningarsjóði Gunnarsstofnunar við hátíðlega athöfn á Skriðuklaustri. Jafnframt brugðu forstöðumaður og stjórn undir sig betri fætinum og fóru og kynntu Gunnar Gunnarsson á Bókadögum í Þórshöfn í Færeyjum í tilefni færeyskrar útgáfu á *Jóni Arasyni* og *Aðventu*.

Sýningar á Skriðuklaustri voru: Páskasýningin *Síðasta kvöldmáltíðin* var leirlistarsýning í samvinnu við Handverk og hönnun; sjö sýningar voru í gallerí Klaustri, sumarsýning í stásstofu var áfram Klaustursýning og í Franziscuherbergi var Margrétarsögu komið fyrir með nýjum veggspjöldum. Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2016 voru um 40 talsins. Dvalargestir Klaustursins árið 2015 voru óvenjufáir vegna mikilla forfalla eða átta.

Starfsmenn voru samtals fjórir en allir ráðnir tímabundið og skiludu þeir ásamt forstöðumanni í fullu starfi alls um 27 mannmánuðum:

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður í fullu starfi.

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir vann tæpa fjóra mánuði við gestamóttöku og stjórnun.

Brynjar Darri Kjerúlf vann fimm mánuði við gestamóttöku, umhirðu og ýmis sérverkefni.

Hrafnkátla Eiríksdóttir vann tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

Aldís Fjóra Ásgeirsdóttir Borgfjörð vann tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

Stjórn Gunnarsstofnunar hélt fjóra fundi á árinu: 24. mars, 18. maí, 7. sept. og 22. nóv. Ný stjórn var skipuð í ársbyrjun:

Gunnar Björn Gunnarsson kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti

Varamaður hans: **Gunnar Martin Úlfsson**.

Margrét Jónsdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands

Varamaður hennar: **Hjalti Hugason**.

Sigríður Sigmundsdóttir kjörinn varaformaður, tilnefnd af Austurbrú ses.

Varamaður hennar: **Björg Björnsdóttir**.

Oddný Eir Ævarsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands

Varamaður hennar: **Kristín Steinsdóttir**.

Svanhildur Óskarsdóttir tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Varamaður hennar: **Rósa Þorsteinsdóttir**.

Í starfsemi ársins á Skriðuklaustri var lögð áhersla umhverfið. Húsið Skriða var m.a. nýtt undir sjálfbóðaliða frá SEEDS sem t.a.m. hjálpuðu til við merkingar og komu upp völuðarhúsi úr trjábolum. Einnig var lokið við að steypa hjólastólástíg niður á útsýnispall ofan klausturrústa. Rekstrarframlag til stofnunarinnar á fjárlögum nam 19,9 m.kr. Aðrar tekjur námu rúmum 19,3 m.kr.



Sumarið var heldur óþurrkasamt og oft þungbúinn himinn á Klaustri.



Oft voru margar rútur í hlaði með hópa úr skemmtiferðaskipum.



Margt var um manninn á Fljótsdalsdegi sem endranær og hlýddu gestir á Ylju.

Almennt um starfsemina

Starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2015 var með líku sniði og árin á undan, sömu föstu sýningarnar og fastir viðburðir en einnig aðeins um nýja viðburði eins og tónleika og fyrirlestra.

Gestir yfir sumarmánuðina voru fleiri en sumarið 2014 þrátt fyrir að færri Íslendingar væru á ferðinni austan lands sökum lélegs sumarveðurs. Áætlað er að gestir staðarins hafi verið vel yfir 30.000 og fjölgaði erlendum ferðamönnum verulega milli ára. Gjaldskrá var óbreytt, aðgangseyrir einstaklings kr. 1.000 kr. fyrir 17 ára og eldri. Sextán ára og yngri fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 500 kr. ásamt því að námsmenn fá 25% afslátt. Einnig er veittur hópafsláttur. Eins og árin á undan var leiðsögn um minjasvæðið aðeins í boði fyrir hópa gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á skiltum. Gestir skemmtiferðaskipa og í skipulögðum ferðum með Norrænu voru _____

Opið var 21 dag í mars og apríl, m.a. var opið á þriðjudögum og miðvikudögum í apríl fyrir hópa sem koma með Norrænu og kaupa bæði leiðsögn og hádegisverð. Aðsókn að vori var betri en árið á undan. Sumaropnun hófst 1. maí að venju og út september var opið alla daga vikunnar. Í maí og september var opnunartíminn styttri, frá kl. 12-17 en yfir sumarið var opið kl. 10-18. Frá byrjun október og til ársloka var samtals opið í um 12 daga kringum fasta viðburði og Norrænuhópa. Alls var opið á Skriðuklaustri um 180 daga af árinu auk þess sem opnað var vegna viðburða eða heimsókna utan hefðbundinnar opunar nokkra daga.

Sumarstarfsmenn í gestamóttöku í júní til ágúst voru fjórir og skiptu með sér vöktum ásamt forstöðumanni sem einnig stóð vaktir að hluta. Einn sumarstarfsmanna hóf störf í apríl en annar vann út september. Fékkst starfsþjálfunarstýrkur frá Vinnuálastofnun fyrir hluta af launum eins starfsmanns. Starfsmenn gengu að venju í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið, svo sem slátt, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki, og öll þrif innandyra. Forstöðumaður sjá auk þess um að verkstýra og vinna með sjálfboðaliðahópi frá SEEDS í hálfan mánuð í að fegra umhverfið. Líkt og árið á undan var fenginn verktaki til að slá flatir við Gunnarshús og stærra svæði yfir aðalsprettutímamann og annaðist bóndinn á Skriðuklaustri það verk.

Þetta var sextánda sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti og staðurinn orðinn vel þokkaður, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin. Töluvert er um að hópar og félagasamtök skipuleggi ferðir sínar þannig að þeir fái fyrirlestur um Gunnar og Skriðuklaustur og njóti svo veitinga hjá Klausturkaffi. Einnig færir í vöxt að hópar heimsæki bæði Gunnarshús og Snæfellsstofu.

Klausturreglan var stofnuð árið 2001 fyrir fastagesti og aðra sem vilja styðja við starfsemi Gunnarsstofnunar. Fjöldi reglufélaga hélst óbreyttur á árinu þó að nokkrir nýir hafi bæst við í stað þeirra sem sögðu sig úr henni. Til hennar teljast nú tæplega 120 manns sem greiða fyrir almennan aðgang með árgjaldi (3.500 kr. parið og 2.500 kr. einstaklingur) og fá 50% afslátt á viðburði á vegum stofnunarinnar, 10% af bókum og minjagripum ásamt 10% afslætti hjá Klausturkaffi.

Stærri sýningar og viðburðir

Síðasta kvöldmáltíðin – í stásstofu – 26. mars -19. apríl

Páskasýning ársins var leirlistarsýning sem unnin var í samstarfi við Handverk og hönnun sérstaklega fyrir Skriðuklaustur. Valdar voru átta leirlistarkonur sem unnu eða völdu verk úr sínum fórum inn á sýningu undir yfirskriftinni *Síðasta kvöldmáltíðin*. Verkin voru síðan lögð á stórt borð í stásstofunni líkt og fyrir máltíð. Sýningarstjóri var Sunneva Hafsteinsdóttir en sýnendur voru: Elín Haraldsdóttir, Embla Sigurgeirsdóttir, Guðný Hafsteinsdóttir, Kristbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigrún Jóna Norðdahl og Þuríður Ósk Smáradóttir. Sýning var vel sótt og gerðu gestir góðan róm að henni.

Undir Klausturhæð – 20. apríl - 31. október

Meginsýning sumarsins var í grunninn hin sama og sett var upp undangengin þrjú sumur, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Sýningin var upphaflega unnin af forstöðumanni í samstarfi við Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafraeðing, Völu Gunnarsdóttur fornleifafraeðing og Ingunni Þráinsdóttur, grafískan hönnuð. Að þessu sinni var sýningin einvörðungu í stásstofu þar sem ekki var lagt í að fá muni að láni frá Þjóðminjasafninu sökum aukinna krafna um aðbúnað. Í Franziscuherbergi var hins var búið um eftirgerð Margrétarsögu og unnin ný veggspjöld í samvinnu við Árnastofnun.

Sýningar um klaustrið og Margrétar sögu mæltust vel fyrir sem áður og vöktu áhuga fólks á öllum aldri og ýmsum þjóðernum. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýningarnar og sagði frá klaustrinu og rannsókninni.

Bókavaka í Þórshöfn í Færeyjum – ljósmyndasýning og kynning á Gunnari

Í tilefni þess að færeyska bókaforlagið Sprotin gaf út *Aðventu* og Jón Arason þótti við hæfi að kynna Gunnar Gunnarsson sérstaklega á Bókadögum í Þórshöfn í Færeyjum 20.-22. nóvember. Samstarf var við Sigurjón Pétursson ljósmyndara um hliðstætt verkefni árið 2013 þegar svarthvítar myndir hans af söguöldum *Aðventu* voru sýndar í Moskvu. Að þessu sinni voru þær settar upp í Bæjarbókasafninu í Þórshöfn ásamt upplýsingum um líf og verk Gunnars. Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur og Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður héldu síðan erindi og tóku þátt í dagskrá í Norðurlandahúsinu.



Frá páskasýningunni *Síðasta kvöldmáltíðin*.



Gunnar Björn Gunnarsson að ávarpa gesti við opnun sýningar á ljósmyndum Sigurjóns Péturssonar í Bæjarbókasafninu í Þórshöfn.



Frá sýningu Elísabetar Karlsdóttur, *Stand up - Stand out*.



Hjörleifur Guttormsson sýndi ljósmyndir af eyjum við Austurland.



Ljósmyndararnir Anne og Patrick sýndu myndir frá S-Frakklandi.



Sigga Björg var með sýninguna *Nocturnius er hættur að skrifa ljóð*.

Gallerí Klaustur gallerí **KL**AUSTUR

Sýningar í gallerí Klaustri voru sjö þetta árið og færði gestum örliða innsýn í ýmsar ólíkar listgreinar.

Sýnendur í gallerí Klaustri 2015

Elísabet Karlsdóttir (fatahönnun) *Stand up / Stand out* 28. mars - 19. apríl

Elísabet er fatahönnuður ættuð af Héraði sem hefur m.a. vakið athygli fyrir notkun sína á ýmskonar leðri.

Sunna Ross (teikningar og málverk) *Hamhlepurnar* 9. maí - 31. maí

Ung listakona af Héraði á leið í nám í myndlist við LHÍ sýndi verk sín. Sýning var hluti af *List án landamæra*.

Anne Favret & Patrick Manéz (ljósmyndir) *Les Arpenteurs* 2. júní - 27. júní

Franskir ljósmyndarar sem dvöldu í gestaíbúðinni sýndu myndir frá geimrannsóknarstöð í S-Frakklandi.

Sigga Björg Sigurðardóttir (blönduð tækni) *Nocturnius er hættur að skrifa ljóð* 1. júlí - 19. júlí

Sigga Björg dvaldi í gestaíbúðinni og hélt sýningu á verkum sínum samhliða því með sínum sérstöku fígurum.

Lísa Stefáns (teikningar og málverk) *Dagbækur agans* 21. júlí - 8. ágúst

Lísa var í gestaíbúðinni ásamt manni sínum. Hún sýndi bæði teikningar úr 365 daga myndröð og ný málverk.

Hjörleifur Guttormsson (ljósmyndir) *Eyjar fyrir Austurlandi* 13. ágúst - 28. ágúst

Hjörleifur sýndi ljósmyndir sínar af eyjum við Austurland frá ýmsum tímum.

Charles Ross (innsetning) *dogger* 5. sept. - 31. okt.

Tónskáldið Charles Ross vann innsetningu í rýmið með myndbandsverki, tónlist, nótum, textum og teikningum.



Hljómsveitin Ylja að spila á Fljótsdalsdegi.



Frá afmælistónleikum til heiðurs Charles Ross.



Hljómsveitin Borgfjörð spilaði júlí.

Aðrir viðburðir

Auk framantalinnna sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið. Fleiri tónleikar voru haldnir en undanfarin ár og voru þeir vel sóttir. Gunnarsstofnun var m.a. þátttakandi í samstarfsverkefni um að heiðra tónskáldið og tónlistarkennarann Charles Ross með tónleikum og sýningu.

Lomber, hið gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, er sem fyrr spilað á 3-4 vikna fresti yfir vetrarmánuðina. Þátttaka í lombrenum var góð á árinu en lomberslagur við Húnvetninga í Eyjafirði féll niður. Ýmist var spilað á Klaustri eða í Bókakaffi í Fellabæ.

Rithöfundalestin renndi í hlað á Skriðuklaustri laugardaginn 28. nóvember í venjubundnu samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar, Vopnfirðinga, Skaftfells á Seyðisfirði og Ungmennafélagsins Egils rauða á Norðfirði. Að þessu sinni tóku þátt: Jón Gnarr, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Smári Geirsson, Iðunn Steinsdóttir og Sigurjón Bergþór Daðason. Auk þess lásu austfirsku höfundarnir Ásgeir Hvítaskáld, Unnur Sveinsdóttir og Högni Páll Harðarson, Sigurlaug Gunnarsdóttir og Sigga Lára Sigurjónsdóttir úr verkum sínum og þýðingum. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrkja frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, Alcoa-Fjarðaáli, Síldarvinnslunni, Flugfélagi Íslands og Bílaleigu Akureyrar auk bókaforlaganna. Höfundarnir heimsóttu einnig skóla á svæðinu.

Grýlgleði í byrjun aðventu er fastur viðburður sem ávallt nýtur mikilla vinsælda. Ekki var brugðið út af vananum og sunnudaginn 29. nóvember mættu sagnálfar og gaulálfar auk þess sem hjónakornin birtust öllum til leiðinda og armæðu.

Síðasti viðburður ársins á Skriðuklaustri var að venju upplestur á *Aðventu* á þriðja sunnudegi í aðventu. Að þessu sinni las Vésteinn Ólason söguna eystra. Sagan var einnig lesin í Gunnarshúsi í Reykjavík hjá Rithöfundasambandi Íslands af Kristínu Svövu Tómasdóttur. Þá var hún lesin í Berlín í samvinnu við íslenska sendiráðið þar þann 29. nóvember af þýska leikaranum Matthias Scherwenikas fyrir fullu húsi

Aðsókn á viðburði á Skriðuklaustri var í góðu meðallagi árið 2015. Klausturreglufélagar voru sem fyrr duglegir að mæta.

Tónleikar

Ashley Mirando og Arnar Þór Guttormsson	10. júlí
Hljómsveitin Borgfjörð	21. júlí
Hljómsveitin Ylja - á Fljótsdalsdegi	23. ágúst
Afmælistónleikar Charles Ross	19. september



Charles Ross spilar á plöntu á afmælistónleikumunum.



Jón Gnarr les úr bók sinni í Rithöfundalestinni.



Þönn Steinsdóttir les úr skáldsögu sinni í Rithöfundalestinni.

Ýmsir viðburðir

Lomberkvöld á Bókakaffi	9. janúar
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	6. febrúar
Lomberkvöld á Bókakaffi	27. febrúar
Lomberdagur á Fáskrúðsfirði	14. mars
Opnun leirlistarsýningar á Skriðuklaustri	28. mars
Opnun á sýningu Elísabetar Karlsdóttur í gallerí Klaustri	28. mars
Píslarganga föstudaginn langa – frá Valþjófsstað í Klaustur	3. apríl
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	17. apríl
Erindi Þórarins Þórarinssonar um fornkonunginn Óðinn	25. apríl
Opnun á sýningu Sunnu Ross í gallerí Klaustri	9. maí
Erindi Vésteins Ólasonar um <i>Aðventu</i> á Klaustri	17. maí
Afhending styrkja úr Menningar sjóði Gunnarstofnunar	18. maí
Opnun á sýningu Anne Favret & Patrick Manez í gallerí Klaustri	2. júní
Erindi Steinunnar Kristjánsdóttur um klausturrannsóknir	21. júní
Opnun á sýningu Siggu Bjargar Sigurðardóttur í gallerí Klaustri	1. júlí
Opnun á sýningu Lísu Stefáns í gallerí Klaustri	21. júlí
Opnun á sýningu Hjörleifs Guttormssonar í gallerí Klaustri	13. ágúst
Fljótsdalsdagur með tónleikum, Þristarleikum og guðþjónustu	23. ágúst
Opnun á sýningu Charles Ross í gallerí Klaustri	5. september
Erindi Guðrúnar Ásmundsdóttur um æsku sína á Eskifirði	5. september
Lomberkvöld á Bókakaffi	16. október
Vinnustofa Kristu Rouhonen í Snæfellsstofu á Dögum myrkurs	31. október
Ljósmyndasýning og kynning á Bókadögum í Þórshöfn í Færeyjum	20.-22. nóvember
Ný útgáfa á <i>Aðventu</i> á spænsku kynnt í Madrid	25. nóvember
Rithöfundalestin á Klaustri	28. nóvember
Grýlugleði á Klaustri	29. nóvember
Aðventa lesin í Berlín á Þýsku	29. nóvember
Lomberkvöld á Bókakaffi	4. desember
Aðventa lesin á Skriðuklaustri	13. desember
Aðventa lesin í Reykjavík hjá RSÍ á Dyngjuvegi 8	13. desember

Hér eru ekki taldir þeir viðburðir sem Klausturkaffi stendur fyrir, s.s. jólahlaðborð, sérstakir kvöldverðir, móttökur hópa eða lokuð einkasamkvæmi. Þeir gestir nutu að sjálfsgöðu þess að koma í hús skáldsins á Skriðuklaustri og læra aðeins um sögu Gunnars og staðarins um leið og þeir gæddu sér á austfirskum krásum.

Þjónustusamningar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar gerði haustið 2014 þjónustusamning við Gunnarsstofnun sem kveður á um þau verkefni sem forstöðumaður á að sinna fyrir sjóðinn. Samkomulagið gildir til ársloka 2016.

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp gildir til ársloka 2017. Hann tekur til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála. Innan þessa samnings vinnur Gunnarsstofnun m.a. að Hengifossverkefninu sem Fljótsdalshreppur hefur fengið styrki til frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Stofnunin sér um að gera umsóknir og áfanga- og lokaskýrslur. Deiliskipulag fyrir Hengifoss var samþykkt í árslok 2015. Þá stýrir Gunnarsstofnun tveimur klasaverkefnum í ferðaþjónustu, m.a. á grundvelli þessa samnings, sem nánar er getið um hér að neðan.



Samstarfsverkefni

Ferðamálin voru að venju fyrirferðamikil í samstarfsverkefnum ársins. Ferðaklasi Upphéraðs endurnýjaði kynningarbækling sinn og fleiri komu inn í samstarfið. Mikill samhugur er í klasanum um að gera Upphérað að vinsælum áfangastað meðal ferðamanna þar sem vert er að dvelja í nokkurra daga. Í þeim tilgangi var hagnýtur vefur fyrir ferðamenn einnig opnaður undir www.hengifoss.is.

Vetrarferðaklasinn ÆSA tengist Upphéraðsklasanum en í honum eru einnig aðilar utan Upphéraðs. ÆSA klasinn fékk úthlutað 4 m.kr. úr sjóðnum *Ísland allt árið* í lok árs 2013 og var hluti þeirra nýttur í vinnu árið 2014 en mesta vinnan fór fram 2015. Skipulögð var FAM-ferð fyrir breskar ferðaskrifstofur og var ferðin farin kringum sólmyrkvann 19.-21. mars. Þátttakendur voru átta og farið með þá vítt og breitt um Upphéraðið en einnig niður á Firði. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar er í forsvari fyrir klasann og mikill hluti af skipulagningu ferðarinnar var því á hans herðum. Eitt af því sem þróað var kringum FAM-ferðina var sagnakvöldverður á Skriðuklaustri. Forstöðumaður fékk í lið með sér tónlistarmann og tvær sagna- og söngkonur og var hópnun skemmt á milli rétta með þjóðlegum fróðleik.





Útgáfa og upplýsingagjöf

Útgáfa

Gunnarsstofnun gaf út aðra bókina í ritröðinni *Fræðirit Gunnarsstofnunar* árið 2015. Að þessu sinni var fræðiritið aðeins gefið út rafrænt og er það selt gegnum Amazon. Um er að ræða bók norska fræðimannsins og þýðandans Óskars Vistdal um Gunnar og viðtökur á verkum hans í Noregi. Bókin heitir *Gunnar Gunnarsson & Norge*.

Gunnarsstofnun gaf út sýningarskrár fyrir gallerí Klaustur líkt og vanalega og fréttabréfið *Klausturpósturinn* var sent rafrænt til Klausturreglufélaga tvisvar sinnum á árinu. Önnur útgáfa var ekki á vegum stofnunarinnar á árinu enda margt prentað 2014 í tilefni af opnun minjagripaverslunar. Undirbúin var útgáfa á tröllasögum í ritröðinni Austfirsk safnrit. Unnu sumarstarfsmennirnir og þjóðfræðingarnir Aldís Fjöla og Hrafnkatla að því að leita uppi og velja sögur í þá bók sem mun koma út í verkefni sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands og snýst um að vekja athygli á austfirskum tröllasögum og örnefnum þeim tengdum.

Heimasíða

Heimasíðu Skriðuklausturs var haldið við og settar inn nýjar fréttir og fleira á íslensku og ensku. Grunnur var unninn að nýrri síðu í nýju kerfi sem aðlagar sig að öllum tækjum en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu. Facebook síðu Skriðuklausturs var haldið lifandi og fylgar þeim jafnt og þétt sem tengjast henni. Árið 2015 heimsótti heimasíðuna 9.782 notendur sem er 6% fjölgun milli ára. Síðuheimsóknir voru skráðar 30.019 sem er svipað og árið 2014. Meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni var 1 mínúta og 48 sekúndur sem telst ágætt. Heimsóknir voru 12.357 og af þeim komu 6.183 frá Íslandi sem er svipað og 2014, eða 51%. Bandaríkjamenn komu þar á eftir (11%), síðan Þjóðverjar (7%) og Bretar (4%). 77,63% heimsókna voru nýjar heimsóknir en að meðaltali var farið 34 sinnum á dag inn á www.skriduklaustur.is.

Almenn kynning

Ekkert nýtt kynningarefni var unnið heldur áfram útbýtt korti með skemmtilegri skýringarteikningu af Skriðuklausturstorfunni og bæklingur Upphéraðsklasans notaður í frekari dreifingu. Auglýst var í Safnabókinni, bæklingi Samtaka um söguferðaþjónustu, Around Iceland, í Vegahandbókinni, Kompási og Handpicked Iceland. Aðalauðglýsingamiðill fyrir viðburði á Skriðuklaustri á Austurlandi er Dagskráin sem gefin er út vikulega og fer inn á öll heimili og fyrirtæki auk þess að vera dreift á Reykjavíkurlflugvöll og fleiri staði. Klausturkaffi auglýsti staðinn einnig í útvarpsauglýsingum.



Heimildasafn Gunnars Gunnarssonar

Lítið var unnið í heimildasafni skáldsins á árinu. Enn er töluvert óunnið í að flokka, greina og skanna þýskar og danskar úrklippur og eftir að færa þau gögn sem þegar hafa verið skráð yfir í gagnagrunna Lbs-Hbs. Áform um að búa til venslaðan gagnagrunn sem bætir aðgengi að öllum gögnum um skáldið og verkum þess standa samt óhöggð og hafa tæknimál hjá Lbs-Hbs þróast það mikið að samsetning hans er orðin raunhæf. Nokkur gögn bættust þó við í safnið, m.a. gamlar hillur og fleiri munir úr eigu skáldsins sem verið höfðu hjá fjölskyldunni og einnig kassi með prentuðu efni.

Gestir Skriðuklausturs koma stundum færandi hendi með gamlar útgáfur af verkum hans sem eru illfánlegar. Sumarið 2015 fékk stofnunin t.a.m. gamla færeyska þýðingu *Adventu* og einnig serbneska útgáfu af *Blindhúsum* sem enginn vissi að væri til.



Erlend samskipti og samstarfsverkefni

Gunnarsstofnun var að venju í samskiptum við erlend bókaforlög og þýðendur á árinu vegna höfundarréttar. Þá var mörgum erlendum fyrirspurnum svarað um gestaíbúðina. Einnig skipulagði forstöðumaður sýningarhald og aðkomu Gunnarsstofnunar að Bókadögum í Færeyjum sem fram fóru í nóvember.

Önnur erlend samskipti voru við skoska og norska samstarfsaðila vegna margmiðlunarverkefnis sem tengist miðlun á minjasvæðinu. Verkefnið hlaut undirbúningsstyrk úr NPA-áætlun Evrópusambandsins og var hann nýttur til að móta stærra verkefni. Fyrir utan Skype-fundi í þessu verkefni sem kallað er *Connected North* sótti forstöðumaður tvo vinnufundi, annars vegar í Helmsdale í Skotlandi í október og hins vegar í Lofoten í Noregi í nóvember. Kostnaður við þessar ferðir verður dekkjaður með undirbúningsstyrknum sem fæst þó ekki greiddur fyrir en 2016.

Samstarfsaðilar Gunnarsstofnunar í verkefninu eru menningarmiðstöðin Timespan og tölvumiðlunardeild St. Andrews háskólans í Skotlandi og Museum Nord í Noregi. Þá hefur Gunnarsstofnun dregið að verkefninu fleiri íslenska aðila, s.s. Minjastofnun Íslands og margmiðlunarfyrirtækið Locatify. Vinnufundur var haldinn á Skriðuklaustri í janúar 2016.

Verkefnið snýst í hnotskurn um að finna leiðir til að miðla betur þekkingu á fortíðinni sem fengist hefur með t.a.m. fornleifauppgreftri. Unnið er með 360 gráðu ljósmyndir og 360 gráðu myndbönd, sýndarveruleika og fleira af nýjustu tækni sem hægt er að nýta jafnvel í snjalltækjum til að gefa gestum upplýsingar og upplifun á staðnum eða heima í stofu. Stóra verkefnið sem er í mótun mun verða 3ja ára með kostnaðaráætlun upp u.þ.b. 270 m.kr. og að því munu koma fleiri aðilar frá fleiri löndum en stjórnun verður hjá Museum Nord.

Forstöðumaður sótti einn fund í FTV verkefni Samtaka um söguferðaþjónustu í Svíþjóð í nóvember og samnýtti ferðina með heimsókn til Lofoten í Connected North. Í leiðinni fundaði hann í Kaupmannahöfn með Monicu Gram umboðsmanni í Kaupmannahöfn um útgáfumál og Thomas C. Christensen hjá Dansk Film Institut um sögu Borgarættarinnar.



Í Timespan rakst forstöðumaður á gamalt kort af norðurslóðum frá því á 17. öld. Þar var Skriðuklaustur merkt inn.



Í Timespan er hægt að ganga inn í byggingar fortíðar með aðstoð leikjatölvutækni og upplifa þannig horfna tíma.

Gestaíbúðin Klaustrið

Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2015 voru tæplega 40 og þar af aðeins fjórar frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var öllum vikum úthlutað. Óvenjumikil forföll urðu hins vegar á árinu og mynduðust skörð sem erfitt reyndist að fylla, bæði í upphafi árs og seinnihluta þess. Samtals voru ónýttar vikur í Klaustrinu því óvanalega margar eða um 20 vikur, fyrst og fremst þó yfir háveturinn.

Gestir Klaustursins þurftu ekki að greiða fyrir íbúðina og var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu fjögur pör og fjórir einstaklingar í Klaustrinu og unnu að verkefnum sínum árið 2015. Þá gisti einn til viðbótar um skemmri tíma.

Gestir Klaustursins 2015


<i>Thorsten Trelenberg</i> & <i>Birgitta Trelenberg</i>	Þýskaland	Rithöfundur & Ljósmyndari
<i>Anne Fauvret</i> & <i>Patrick Manez</i>	Frakkland	Ljósmyndarar
<i>Sigga Björg Sigurðardóttir</i> & <i>Mikael Lind</i>	Ísland	Myndlist & tónlist
<i>Dagur Snær</i> & <i>Lísa Stefánsdóttir</i>	Ísland	Rithöfundur & myndlist
<i>Hjörleifur Guttormsson</i>	Ísland	Fræðimaður
<i>Marianne Jungmeier</i>	Austurríki	Rithöfundur
<i>Lies Gallez</i>	Belgía	Rithöfundur
<i>Krista Ruohonen</i>	Finnland	Skartgripahönnuður

Auk þess gistu eftirtaldir nokkrar nætur í íbúð vegna styttri verkefna:

<i>Guðrún Ásmundsdóttir</i>	Ísland	Leikkona
-----------------------------	--------	----------



Vésteinn Ólason les *Aðventu* á skrifstofu skáldsins á Skriðuklaustri.



Guðrún Ásmundsdóttir lýsti æskudvöl sinni á Eskifirði með tilþrifum.



Ashley og Arnar fluttu íslenska og ameríska rokktonlist í stásstofunni.



Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir

Gunnarsstofnun fékk árið 2015 styrk úr Húsafriðunarsjóði til endurbóta á Gunnarshúsi og einnig styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að ljúka við gerð hjólastólástígs að útsýnispalli við minjasvæði. Framkvæmdir á árinu urðu því töluverðar. Lagði mennta- og menningarmálaráðuneyti einnig til 1,8 m.kr. í endurbætur.

Innandýra í Gunnarshúsi var ráðist í löngu tímabæra framkvæmd við að rífa panelklæðningu innan úr baðherbergi Gunnars og Franziscu. Herbergið var málað og lagðar svartar og hvítar flísar á gólfíð. Einnig var komið þarf fyrir hillum og vaski þannig að það geti nýst sem geymsla og við móttökur á efri hæð.

Á Skriðu var kjallarárými breytt í stúdíóíbúð til þess að hýsa starfsfólk. Sú framkvæmd hafði einnig verið lengi á áætlun. Leigði Klausturkaffi íbúðina af Gunnarsstofnun sumarið 2015 fyrir starfsmann.



Miðjustaurinn í völundarhúsinu reistur.

Skriða var jafnframt nýtt undir sjálfbodaðliðahópa og starfsmenn Gunnarsstofnunar. Dagana 17. júní til 1. júlí vann fimm manna hópur frá SEEDS að ýmsum verkefnum til að bæta umhverfið á Skriðuklaustri. Þau hreinsuðu illgresi úr klausturrústum og lögðu þær. Lögðu þökur við steiptan hjólastólástíg og settu upp merkingar við Gunnarshús. Stærsta verkefnið var að reisa völundarhús úr trjábolum mitt á milli Snæfellsstofu og Gunnarshúss. Annar SEEDS hópur dvaldi á Skriðu síðsumars og vann að lagfæringum stígs við Hengifoss ásamt verkstjórum frá Umhverfisstofnun.



Hjólastólástígur var steiptur frá götu að útsýnispalli við minjasvæði. Verkið var undir stjórn Magnúsar Þórarinssonar smiðs. Með stígnum er komið aðgengi fyrir alla að útsýnispallinum.



Nágrannar komu og hjálpuðu til við að steypa hjólastólástígninn.



Völundarhúsið langt komið en engin vélsög var notuð við verkið.



Höfundarréttarmál

Samkomulag erfingja um vistun höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun gildir til 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var. Árið 2015 var skrifað undir samninga um *Aðventu* og *Jón Arason* á færeysku við forlagið Sprotin. Einnig var skrifað undir samning um útgáfu á *Aðventu* á hollensku við Lebowski forlagið og á arabísku við Dar al Muna forlagið. Þá var undirritaður útgáfusamningur við Samlaget um *Aðventu* á nýnorsku í þýðingu Oskars Vistdal. Flestum þessum þýðingum mun fylgja formáli Jóns Kalmans Stefánssonar um Gunnar og *Aðventu*. Einnig verða teikningar Gunnars yngri í sumum þeirra. Á árinu komu út:

Á færeysku: *Aðventa* í endurskoðaðri þýðingu Jacobs Olsen. *Jón Arason* í nýrri þýðingu Heðins M. Klein. Útgefandi Sprotin, Þórshöfn. Útgáfa *Aðventu* var kynnt við opnun sýningar í Bæjarbókasafninu í Þórshöfn á Bókadögum. Aðalraðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn styrkti viðburðinn með léttum veitingum.

Á spænsku: *Aðventa* í nýrri þýðingu Theodore Manrique Antón. Útgefandi Ediciones Encuentro, Madrid. Útgáfan var kynnt í FNAC verslun í miðborg Madrid í lok nóvember. Forstöðumaður sendi ávarp sitt á myndbandi til Spánar og með styrk frá sendiráði Íslands í París söng Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir í útgáfuhófinu og ljósmyndir Sigurjóns Péturssonar rúlluðu á skjá í bakgrunni.

Monica Gram hjá dönsku umboðsskrifstofunni sem fer með málefni Gunnars hélt áfram að kynna hann fyrir forlögum. Forstöðumaður átti fund með henni í Kaupmannahöfn í nóvember vegna útgáfumála.

Ekkert varð af vinnu við rafræna útgáfu á þeim verkum Gunnars sem ekki er talið líklegt að komi út á prenti að nýju.



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir að syngja í útgáfuhófi í FNAC í Madrid.



Páll Danielsen les úr *Aðventu* á sýningaropnun í Þórshöfn.

Sif Gunnarsdóttir, forstöðukona Norðurlandahússins, flytur opnunarávarp á Bókadögum í Þórshöfn.



Bókadagar í Færeyjum

Gunnarsstofnun tók þátt í Bókadögum í Færeyjum dagana 20.-22. nóvember. Tílefnið var útgáfa bókaforlagsins Sprotans á tveimur verka Gunnars, annars vegar *Aðventu* í endurskoðaðri þýðingu, og hins vegar *Jóni Arasyni* í nýrri þýðingu. Sérstök málstofa var um Gunnar í Norðurlandahúsinu á Bókadögum og þar töluðu Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður og Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur. Jafnframt var sett upp ljósmyndasýningin *Aðventa á Fjöllum* með verkum Sigurjóns Péturssonar og upplýsingum um Gunnar Gunnarsson og *Aðventu* í Bæjarbókasafninu.

Stjórn Gunnarsstofnunar tók virkan þátt í þessum viðburði og flaug til Færeyja eftir hádegi föstudaginn 20. nóvember ásamt Sigurjóni og konu hans Þóru Hrönn. Á sama tíma var forstöðumaður að koma frá Kaupmannahöfn. Allir lögðust síðan á eitt við að hengja upp sýninguna í Bæjarbókasafninu og var opnun þar kl. 20. Við opnunina tóku til máls, Arnbjörn Dalsgarð, forstöðumaður safnsins, Gunnar Björn Gunnarsson og Sigurjón Pétursson en auk þess rifjaði Þóra Þóroddsdóttir þýðandi upp tengsl sín við Fjalla-Bensa. Færeyski tónlistarmaður Kári Sverrisson fór á kostum með flutningi sínum á gömlum færeyskum lögum og Páll Danielsen las upphaf *Aðventu* með tilþrifum. Aðalræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn bauð síðan upp á léttar veitingar fyrir gesti sem tíndust inn úr snjó og kulda.

Á laugardeginum var sendinefnd Gunnarsstofnunar viðstödd formlega opnun Bókadaga og fylgdist með fyrirlestrum auk þess sem Jón Yngvi Jóhannsson stýrði málstofu um Post-kólonialisma. Sunnudagurinn hófst á stjórnarfundum Gunnarsstofnunar en eftir hádegið var málstofa um Gunnar. Jafnframt kynnti Oddný Eir Ævarsdóttir, stjórnarkona í Gunnarsstofnun, færeyska þýðingu á bók sinni *Jarðnáðir*.

Sif Gunnarsdóttir, forstöðukona Norðurlandahússins, fór síðan með hópinn í heimsókn í hús William Heinesen þar sem sonur Williams tók á móti hópnum. Var sú heimsókn ógleymanleg enda margt að sjá á heimili Heinesen og Zakarías ern þrátt fyrir háan aldur. Því miður hefur gengið illa að gera formlegt rithöfundasafn úr heimilinu en Zakarías lýsti m.a. sínum hugmyndum um hvernig það ætti að vera úr garði gert. Var stjórn á einu máli um að ef þess væri kostur þá ætti Gunnarsstofnun að leggja Zakarías lið við að opna heimilið sem safn.



Zakarías Heinesen tekur við gjöf frá Gunnarsstofnun.

Bókadögum lauk með tónleikum Anniku Hoydal, hinnar síungu söngkonu frá Færeyjum, í Norðurlandahúsinu. Var Gunnarsstofnunarfólk svo lánsamt að fá miða á þá tónleika sem voru punkturinn yfir i-ið á vellukkaðri Færeyjaferð. Flogið var heim til Ísland á mánudeginum en sýningin í Bæjarbókasafninu stóð fram til jóla.



Kuldalegar myndir af sögu slóðum *Aðventu* í Bæjarbókasafninu í Þórshöfn.



Sýningin sómdí sér vel í lessal Bæjarbókasafnsins.



Kári Sverrisson flutti gömul færeysk lög.



Gunnar Björn Gunnarsson stjórnarformaður ávarpaði gesti.



Þóra Þóroddsdóttir þýðandi í Færeyjum rifjaði upp tengsl við Fjalla-Bensa.



Sigurjón Pétursson sagði frá ljósmyndaverkefni sínu.



Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur talaði um líf og verk Gunnars.



Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður flutti erindi í Norðurlandahúsinu.



Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.

Gunnarsstofnun er aðili að Samtökum um söguferðajónustu (SSF). Forstöðumaður situr sem gjaldkeri í stjórn samtakanna og hefur verið það frá stofnun þeirra 2006. Markmið samtakanna er að skapa þessari tegund ferðajónustu samstarfsvettvang til samstarfs og markaðssetningar. Samtökin hafa verið með samning við ráðuneyti ferðamála síðustu árin. Þau eru nú þátttakandi í stóru Evrópuverkefnið sem heitir *Follow the Vikings* og ber forstöðumaður ábyrgð á fjármálahlíð samtakanna í verkefninu sem stýrt er frá Hjaltlandseyjum.



Forstöðumaður Gunnarsstofnunar aðstoðaði japanska þáttagerðarmenn vegna vinnslu sjónvarpsefnis um Lagarfljótsorminn 2015. Hann gegnir enn formennsku í Ormsskríninu, félagi áhugamanna um arfleifð þessarar lifandi goðsagnar, félagi sem starfar lítið en heldur úti heimasíðunni www.lagarfljotsormur.com.



Gunnarsstofnun á hagsmunaaðild að Austurbrú gegnum samstarfssamning við stoðstofnunina. Frá ársfundi í maí 2013 hefur forstöðumaður setið í starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku.

Forstöðumaður lét af setu í svæðisráði Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd ferðajónustu á Austurlandi vorið 2015 en þar hafði hann setið frá stofnun þjóðgarðsins.



Gunnarsstofnun fékk vottun Ferðamálastofu árið 2014 og flaggar nú fána Vakans. Það þýðir að Skriðuklaustur uppfyllir ákveðnar reglur og fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til aðila í Vakanum. Skriðuklaustur varð fyrst staða á landinu til að fá vottun út á sértaek viðmið fyrir sögu- og menningarferðajónustu. Markmiðið er að taka einnig upp umhverfisvottun Vakans.

Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns

Forstöðumaður stofnunarinnar situr í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum og hefur verið formaður þar frá 2013.



Þíslargöngufólk komið í Klaustur frá Valþjófsstað á föstudaginn langa.



Ferðamenn að prófa völuandhúsið litla sem gert var sumarið 2015.

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar varð til árið 2013 með fjármagni frá ríkinu sem samsvaraði fallbótum fyrir landi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2014 var engu úthlutað úr sjóðnum en sjóðsstjórn auglýsti eftir umsóknum í apríl 2015.



Stúlnakórinn Liljurnar söng við úthlutun styrkja 18. maí.

Mánudaginn 18. maí 2015, á fæðingardegi Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, var síðan úthlutað í fyrsta sinn úr Menningarsjóði Gunnarsstofnunar. Athöfnin fór fram á Skriðuklaustri. Til úthlutunar var ein milljón króna en í máli Helga Gíslasonar, formanns sjóðsstjórnar, kom fram að markmiðið væri að ná höfuðstól sjóðsins upp í 100 m.kr. Þannig að í framtíðinni yrði hægt að úthluta meira fé til fleiri verkefna. Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar auk þess að renna stoðum undir starfsemi stofnunarinnar. Ragnheiður Þórarinsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra, flutti einnig ávarp.

Níu umsóknir bárust til sjóðsstjórnar og ákvað hún að veita fjórum verkefnum styrki. Þrjú verkefni fengu 200 þús. kr. styrk: Hallveig K. Eiríksdóttir og Þorvaldur S. Helgason til að vinna leiksýningu eftir skáldsögu Gunnars *Sælir eru einfaldir*; Jón Hjartarson til að skrifa leikverk upp úr þremur smásögum Gunnars; Óskar Vistdal til að þýða *Svartfugl* á norsku. Hæsta styrkinn, 400 þús. kr., hlaut Sigurgeir Orri Sigurgeirsson til að skrifa handrit að heimildarmynd um ævi og verk Gunnars Gunnarssonar.



Á ljósmyndinni eru styrkþegar ásamt sjóðsstjórn: Helgi Gíslason, formaður sjóðsstjórnar, Jón Hjartarson, Hallveig K. Eiríksdóttir, Jóhanna Hafliðadóttir f.h. Óskars Vistdal, Ari Sigurjónsson f.h. Sigurgeirs Orra Sigurgeirssonar, Sigríður Sigmundsdóttir og Gunnar Björn Gunnarsson.

Við úthlutunina var kynnt merki fyrir sjóðinn unnið af Zdenek Patak, grafískum hönnuði á Stöðvarfirði. Merkið vísar í merki Skriðuklausturs, blár ferningur úr steinamynstri innan í svörtum ferningi sem kallast á við hina sérstöku vegg Gunnarshúss á Skriðuklaustri.

Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar samdi við Landsbanka Íslands um ávöxtun á fjármunum sjóðsins árið 2015. Einnig var gert samkomulag við Gunnarsstofnun um umsýslu vegna sjóðsins og heldur forstöðumaður Gunnarsstofnunar m.a. utan um umsóknarferli, úthlutanir og greiðslur. Þá var sett upp undirsíða um sjóðinn á heimasíðunni www.skriduklaustur.is og þar er hægt að sækja umsóknareyðublöð og skýrslueyðublöð ásamt því að skoða fundargerðir og reglur.



Hugleiðing

forstöðumanns

Gunnarsstofnun hefur fyrir löngu slitið barnsskónum en hefur samt ekki vaxið sem skyldi þrátt fyrir að vera sextán vetra. Starfsemi stofnunarinnar er orðin fastmótuð en lítið svigrúm sökum mannafla og fjármagns til nýrra verkefna eða vaxtar. Stofnunin á að vissu leyti erfitt með að sinna skylduverkefnum eins og uppbyggingu heimildasafns með tilheyrandi skjalavörslu og skráningum.



Forstöðumaður að vinna með sjálfbodaliðum við að byggja völundarhús.
Ljósmynd: Rögnvaldur Guðmundsson.

Ferðamönnum fjölgar og aðdráttarafli staðarins hefur vaxið með tilkomu Snæfellsstofu og klausturminja og æ fleiri ferðamenn leggja leið sína í Fljótsdalinn. Þeim fylgja vaxandi sértekjur en þó ekki í fullu samræmi við fjölgun. Það er veruleiki sem flestir sögustaðir þurfa að glíma við, að mikilli aðsókn ferðamanna fylgir ekki alltaf hlutfallslega jafnmikil tekjuaukning. Og á meðan starfsmenn eru að taka á móti ferðamönnum hafa þeir líttinn tíma til að sinna öðru.

Minjasvæðið á Skriðuklaustri hefur verið í umsjón Gunnarsstofnunar frá 2012 samkvæmt verndaráætlun og yfirlýsingu sem undirrituð var við Fornleifavernd (nú Minjastofnun Íslands). Gunnarsstofnun hefur sinnt viðhaldi rústanna: lagað hleðslur, bætt í nýju kurli, slegið og hirt þannig að rústirnar séu aðlaðandi. Þá hefur stofnunin sótt fjármuni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að gera hjólastólafært að útsýnispalli en reyndar lagt 50% á móti í slíkar framkvæmdir af eigin fé. Nú stendur yfir endurskoðun á verndaráætluninni en þá vaknar einnig spurningin um hver á að bera kostnað af þessu minjasvæði. Minjasvæðið er ekki tiltekið í samningi Gunnarsstofnunar við mennta- og menningarmálaráðuneyti enda heyrir það undir Minjastofnun Íslands sem heyrir undir forsætisráðuneyti. Mikil tækifæri liggja í miðaldasögu Skriðuklausturs og því er mikilvægt að umhirða minjasvæðisins sé í lagi og aðgengi að því bætt ár frá ári. Ríkið er landeigandi og lögum samkvæmt er það á ábyrgð landeiganda að viðhalda minjastað. Í viðauka við samning Gunnarsstofnunar og ríkisins er mikilvægt að fá inn ákvæði um ábyrgð og skilgreiningu á fjármagni til minjasvæðisins. Í framtíðinni væri akkur í því fyrir staðinn að geta sett upp varanlega stóra sýningu um sögu klaustursins og rannsóknir á því. Við þarfagreiningu á húsnaði til framtíðar á Skriðuklaustri er það eitt af því sem taka verður með í reikninginn.

Gunnarsstofnun hefur átt í vök að verjast eftir að hún varð sjálfseignarstofnun árið 2008. Fjárframlög gegnum samninga við ríkið hafa engan veginn haldið í við verðlagsþróun. Árið 2008 fékk stofnunin 17,7 m.kr. rekstrarframlag á fjárlögum en árið 2015 var framlagið 19,9 m.kr. Vísitala neysluverðs hefur á sama tíma hækkað um tæplega 50% sem þýðir að ef framlagið 2008 hefði haldið í við verðlagsþróun þá hefði það átt að nema rúmum 26 m.kr. árið 2015. Stofnunin situr uppi með neikvæðan höfuðstól þar sem ekki var hægt að skera niður í rekstri og framkvæmdum til samræmis við raunlækkun framlaga. Stór hluti af þeim vanda er tilkominn vegna óhjákvæmilegs viðhalds og endurbóta á húsnaði.

Um þessar mundir horfir betur fyrir stofnunina og staðinn en um árabíl. Vaxandi fjöldi ferðamanna færir auknar tekjur. Það sem mestu skiptir er þó að framlög á fjárlögum til stofnunarinnar hækkuðu á fjárlögum 2016 og í þeirri hækkingu er gert ráð fyrir leigugreiðslum til Ríkiseigna. Um áramótin 2015 - 2016 tóku Ríkiseignir yfir öll hús á staðnum og léttu þar með þungu fargi af stofnuninni. Það er von mín að þessi breyting reynist farsæl fyrir Gunnarshús og staðinn allan. Þörfin fyrir viðhald var orðin knýjandi og ljóst að úr henni verður ekki bætt á einu ári en nú er von til þess að unnið verði að viðhaldi bygginga jafnt og þétt og þeim haldið í góðu ásigkomulagi um alla framtíð.

Rekstrarframlögin til Gunnarsstofnunar hækkuðu um leið og munu vonandi gera það áfram með batnandi efnahag Íslands. Verkefni eru næg fyrir annan heilsársstarfsmann á Skriðuklaustri og þörfin fyrir heilsársopnun fyrir ferðamenn

vex ár frá ári. En fyrst þarf að vinna niður neikvæðan höfuðstól og til þess þurfa fjárveitingar að halda í við verðlagsþróun. Húsnæðissamningur við Ríkiseignir vegna fasteignanna er bundinn vísitölu neysluverðs svo að ríkisframlagið er fljótt að hverfa í þær greiðslur ef að framlög á fjárlögum fylgja ekki verðlagi.

Það er bjargföst trú mín að framundan séu betri ár en þau sem við höfum upplifað frá hruni. Varnarbaráttu verði nú snúið til sóknar. Ferðamannastraumur styrki fjárhagslegan grunn stofnunarinnar og ríkisframlög geri okkur kleift að reka stofnun sem hefur bolmagn til að takast á við ný og metnaðarfull verkefna samhliða aðkallandi skylduverkefnum af safna meiði.

Skriðuklaustri 15. maí 2016



Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður